

348. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn í Aratungu, Reykholti, miðvikudaginn 6. desember 2023, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Stefanía Hákonardóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Guðni Sighvatsson, Anna Greta Ólafsdóttir, Jón Forni Snæbjörnsson og Ásta Stefánsdóttir.

Leitað var afbrigða til að taka á dagskrá lántökur ársins 2023, var það samþykkt samhljóða og verður liður 43.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Fundargerð skipulagsnefndar - 2301013

265. fundur haldinn 15.09.2023, áður frestað á 342. fundi sveitarstjórnar:

-liður 9, Bryggja spilda L178475; Frístundabyggð og 3MW virkjun; Aðalskipulagsbreyting - 2308056

-liður 9, Bryggja spilda L178475; Frístundabyggð og 3MW virkjun; Aðalskipulagsbreyting - 2308056

Lögd er fram skipulags- og matslýsing sem tekur til skilgreiningar á frístundasvæði og svæðis fyrir 3 MW virkjun í landi Bryggju spilda L178475.

Skipulagsnefnd UTU mæltist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að afgreiðslu málsins verði frestað. Lagt var til að skipulagsfulltrúi og forsvarsmenn Bláskógabyggðar fái kynningu á verkefninu. Kynning fór fram í sl. mánuði.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagða skipulags- og matslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Fundargerð skipulagsnefndar - 2301013

270. fundur haldinn 29.11.2023, afgreiða þarf sérstaklega liði nr. 2 til 5.

-liður 2, Brún lóð (L167224); byggingarleyfi; íslistasafn og kaffihús - 2311049

Móttekin er umsókn, þ. 25.10.2023, um byggingarleyfi fyrir 895 m² íslistasafni með kaffihúsi á jörðinni Brún lóð L167224 í Bláskógabyggð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að útgáfu byggingarleyfis verði synjað í núverandi mynd. Að mati sveitarstjórnar er svo umfangsmikil uppbygging og rekstur háð gerð deiliskipulags sem tekur til byggingarheimilda á viðkomandi lóð. Að mati sveitarstjórnar gilda ekki heimildir er varðar uppbyggingu á bújörðum innan lóðarinnar og þótt svo að hún sé skráð sem jörð í byggð í fasteignarskrá þar sem hún er eingöngu skráð 3.300 fm. Heimild fyrir viðlíka uppbyggingu á svo lítilli lóð er að mati sveitarstjórnar jafnframt háð skilgreiningu á verslunar- og þjónustureit innan lóðarinnar.

-liður 3, Gröflóð (L167804); byggingarheimild; sumarbústaður - viðbygging - 2311069

Móttekin er umsókn, þ. 20.11.2023, um byggingarheimild fyrir 111 m² viðbyggingu við sumarbústað á sumarbústaðalandinu Gröflóð L167804 í Bláskógabyggð. Heildarstærð á sumarbústað eftir stækkun verður 161 m².

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

-liður 4, Útey 1 L167647; Verslunar- og þjónustusvæði, stækkun og breytt lega frístundasvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2306076

Lögd er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar í landi Úteyjar 1

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "AS", "SS", "GSM", "H.K.", and "2346".

eftir kynningu. Frístundasvæði F32 og F37 verða stækkuð og afmörkun þeirra breytist, frístundasvæði F33 er fellt út úr aðalskipulagi. Þá verða sett inn tvö verslunar- og þjónustusvæði, VP48, fyrir ferðaþjónustu þar sem gert er ráð fyrir gistingu fyrir allt að 180 gesti ásamt baðaðstöðu og VP49 þar sem gert er ráð fyrir ýmiss konar atvinnuuppbyggingu s.s. verslun, safni og gróðurækt. Felld eru út tvö efnistökusvæði E26 og E27. Í deiliskipulagi verður gerð nánari grein fyrir uppbyggingu m.a. lóðaskipan, byggingarskilmálum og öðrum ákvæðum í samræmi við breytt aðalskipulag. Athugasemdir og umsagnir bárust á kynningartíma skipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Úteyyar 1 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfæringu á gögnum í takt við samantekt viðbragða við umsögnum og athugasemdum. Í lagfæringunum felst að skilgreining frístundasvæðis að Apavatni verði fellt út úr skipulaginu og uppbygging frístundasvæðisins verði einskorðuð við stækkun svæðis F32 norðan Eyjavegar en fallið verði frá stækkun svæðis F37 sem tekur til einnar lóðar í dag auk þess sem VP48 verði skilgreint í að lágmarki 100 metra fjarlægð frá Laugarvatni. Mælist sveitarstjórn til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

-liður 5, Hrosshagi L167118; Víkurflatir; Stofnun lóðar - 2311056

Lögð er fram umsókn um stofnun lóðar í landi Hrosshaga, L197564. Um er að ræða alls 36.949 fm lóð sem fær staðfangið Víkurflatir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir erindið með fyrirvara um að gögn málsins séu fullnægjandi og að aðkoma að lóðinni verði skilgreind með ítarlegri hætti. Sveitarstjórn bendir á að allar framkvæmdir innan lóðarinnar eru háðar vinnslu deiliskipulags sem tekur til byggingarheimilda innan svæðisins.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar hvað aðra liði varðar.

3. Fundargerð skólanefndar - 2301011

33. fundur haldinn 27.11.2023

Fundargerðin var staðfest.

4. Fundargerð æskulýðsnefndar - 2301007

14. fundur haldinn 28.11.2023. Afgreiða þarf sérstaklega lið 1.

-liður 1, tillaga um að frístundastyrkir nái til barna á aldrinum 0 til 18 ára.

Sveitarstjórn samþykkir að frístundastyrkur nái frá fæðingu til 18 ára aldurs frá og með 1. janúar 2024.

Fundargerðin var staðfest.

5. Fundargerð framkvæmda- og veitunefndar - 2301008

44. fundur haldinn 30.11.2023. Afgreiða þarf sérstaklega lið 3.

-liður 3, 1906021, drög að samningi vegna baðlóns. Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

Fundargerðin var staðfest.

6. Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa - 2301014

195. fundur haldinn 22.11.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

7. Fundargerð stjórnar skóla- og velferðarþjónustu Árneshóla - 2302008

Fundur haldinn 22.11.2023, ásamt fjárhagsáætlun.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar ásamt fjárhagsáætlun.

8. Fundargerð seyrustjórnar - 2301015

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "H.K.", "GSM", and "2347".

13. fundur haldinn 28.11.2023, ásamt fjárhagsáætlun.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar ásamt fjárhagsáætlun.

9. Fundargerð vinnuhóps um móttökuáætlun - 2311038

1. fundur haldinn 29.11.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

10. Fundargerð stjórnar UTU bs - 2301022

104. fundur haldinn 14.11.2023, ásamt fjárhagsáætlun

Fundargerðin var lögð fram til kynningar, ásamt fjárhagsáætlun.

11. Fundargerðir stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga - 2304063

Fundur haldinn 10.11.2023, staðfesta þarf 1. lið.

-liður 1, húsaleigusamningur um leigu á jarðhæð og kjallara að Austurvegi 2, Selfossi. Leigusali er Sveitarfélagið Árborg og leigutaki Héraðsskjalasafn Árnesinga. Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar að öðru leyti.

12. Fundargerð stjórnar SASS - 2301012

602. fundur haldinn 25.10.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

13. Fundargerð stjórnar SASS - 2301012

603. fundur haldinn 10.11.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

14. Ársþing SASS - 2308020

Fundargerð aðalfundar SASS 26. og 27. október 2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

15. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2301018

232. fundur haldinn 27.11.2023

Sveitastjórn tekur undir bókun nefndarinnar og sveitarstjórnar Árborgar um tillögur að breytingum á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits, sem fram kom í skýrslu starfshóps á vegum Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

16. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands - 2310030

Fundargerð aðalfundar frá 27.10.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

17. Fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands - 2301016

Aðalfundur SOS haldinn 27.10.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

18. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2301026

937. fundur haldinn 12.11.2023

938. fundur haldinn 24.11.2023

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials:
AHO
SS SH
GSM
H.K.
2348

19. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2301025

67. fundur haldinn 22.11.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

20. Vilyrði fyrir lóð við Einbúa - 2304005

Frestað til næsta fundar.

21. Umgengnisreglur í íþróttamannvirkjum Bláskógabyggðar - 2311029

Tillaga að umgengnisreglum í íþróttamannvirkjum

Drög að reglum voru lögð fram. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar.

22. Flygill í Aratungu - 2311033

Beiðni Benedikts Kristjánssonar, listræns stjórnanda Sumartónleika í Skálholti, dags. 27.11.2023, um afnot af flygli Bláskógabyggðar, sem staðsettur er í Aratungu, og fjárstyrk til flutnings hans í Skálholt.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

23. Flokkun landbúnaðarlands - 2302030

Tilnefning í vinnuhóp vegna flokkunar landbúnaðarlands.

Sveitarstjórn tilnefnir Guðrínu S. Magnúsdóttur, Helga Kjartansson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Maríu Þórunni Jónsdóttur, Jón Þór Ragnarsson og Gróu Grímsdóttur til setu í starfshópnum. Guðrún S. Magnúsdóttir verði formaður.

24. Styrkumsókn vegna þátttöku í Meistaradeild Ungmenna í hestaíþróttum - 2312003

Styrkumsókn, dags. 13.11.2023, vegna þátttöku í keppni, Meistaradeild ungmenna í hestaíþróttum, óskað er eftir 15-20.000 kr. fjárstyrk.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

25. Aðilaskipti að samningi um viðhald ljósleiðara - 2312002

Erindi TRS ehf, dags. 14.11.2023, þar sem óskað er eftir að viðskiptakjör og samningar við TRS vegna viðhalds á ljósleiðarakerfi færist yfir til TRS Raf ehf.

Sveitarstjórn samþykkir að samningur við TRS um viðhald og viðbætur vegna ljósleiðarakerfis, dags. 29.08.2021, færist yfir á TRS Raf ehf.

26. Námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 2311036

Erindi Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 24.11.2023, með ósk um skólavist fyrir nemanda með lögheimili í Árborg.

Sveitarstjórn samþykkir erindið. Um greiðslur fari skv. viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

27. Stytting vinnutíma leikskólinn Álfaborg - 2311039

Tillaga um styttingu vinnutíma í leikskólanum Álfaborg, sbr. ákvæði kjarasamninga. Áhrif styttingar opnunartíma á gjaldskrá leikskóla.

Tillaga leikskólastjóra var lögð fram.

Sveitarstjórn samþykkir að leikskólinn verði lokaður 20. desember til 2. janúar og að óskað verði eftir að foreldrar sem ætla að nýta vistun 19. til 20. febrúar (í vetrarfríi grunnskóla) og 25. til 27. apríl (dýmbilvika) skrái börn sérstaklega í slíka vistun.

Hvað varðar innheimtu gjalda fyrir þá daga sem lokað er vegna vinnutímastyttingar, eða foreldrar velja að skrá börn sín ekki í vistun, samþykkir sveitarstjórn að ekki verði innheimt dvalargjald fyrir þá daga sem er lokað vegna vinnutímastyttingar, eða þá daga sem foreldrar velja að skrá börn sín ekki.

Handwritten signatures and initials:
SS, ARSH, GSm, HK, 2344

Vilji sveitarstjórnar er að þjónusta skerðist ekki vegna vinnutímastyttingar. Sveitarstjórn samþykkir þó vinnutímastyttingu leikskólans Álfaborgar í desember, svo sem að framan greinir, en samþykkir að vinnutímastygging beggja leikskólanna verði tekin til endurskoðunar útfrá reynslu eftir skólaárið.

28. Útsvarstekjur og framlög Jöfnunarsjóðs 2023 - 2303018

Yfirlit yfir útsvarstekjur og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga jan til nóv 2023.

Lagt var fram yfirlit yfir ellefu mánuði ársins.

29. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2023 - 2306037

5. viðauki við fjárhagsáætlun 2023

Lagður var fram viðauki við fjárhagsáætlun. Í viðaukanum er gert ráð fyrir hækkun útsvarstekna og útgjöldum vegna málskostnaðar í máli nr. E-527/2021.

Þá er launapotti sem var í fjárhagsáætlun deilt út á leik- og grunnskóla. Gert er ráð fyrir verkefnum í fráveitu að fjárhæð kr. 64.130.000 og lækkun framkvæmdakostnaðar hjá Bláskógaveitu að fjárhæð kr. 34.000.000. Þá er gert ráð fyrir að lántökur lækki úr 311.000.000 í 150.000.000.

Samantekin áhrif viðaukans eru þau að handbært fé lækkar um 172.250.000 að mestu vegna þess að lántökur lækka um 161.000.000 kr.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann og felur sveitarstjóra að tilkynna hann til viðeigandi aðila.

30. Gjaldskrá fráveitu og hreinsun rotpróa 2024 - 2310023

2. umræða

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

31. Gjaldskrá vatnsveitu 2024 - 2310022

2. umræða

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

32. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs 2024 - 2310021

2. umræða

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

33. Gjaldskrá gámasvæða 2024 - 2310017

2. umræða

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

34. Gjaldskrá mótuneytis 2024 - 2310020

2. umræða

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

35. Gjaldskrá leikskóla 2024 - 2310019

2. umræða

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

36. Gjaldskrá íþróttamiðstöðva 2024 - 2310018

2. umræða

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

37. Gjaldskrá fristundar 2024 - 2310016

2. umræða

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

Handwritten signatures and notes:
Handwritten initials "AS" in blue ink.
Handwritten initials "HJ" in blue ink.
Handwritten initials "GSM" in blue ink.
Handwritten initials "HJK" in blue ink.
Handwritten number "2350" in blue ink.

38. Gjaldskrá Aratungu og Bergholts leiga 2024 - 2310015

2. umræða

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

39. Gjaldskrá Bláskógaveitu 2024 - 2310014

2. umræða

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

40. Gjaldskrá Bláskógaljóss 2024 - 2310013

2. umræða

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

41. Ráðningarsamningar oddvita og sveitarstjóra - 2312004

Tillaga um breytingu á ákvæðum ráðningarsamninga oddvita og sveitarstjóra um lanahækkun sem koma á til framkvæmda 1. janúar n.k.

Ásta Stefánsdóttir og Helgi Kjartansson viku af fundi.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu oddvita og sveitarstjóra um að laun þeirra hækki um 6,75% um næstu áramót, í stað þess að fylgja hækkun launavísitölu, sem ætla má að verði um 11%.

Drög að samkomulagi þess efnis sem liggja fyrir fundinum verða undirrituð.

42. Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 - 2308018

Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027.

Mat skv. 66. gr. sveitarstjórnarlaga vegna einstakrar fjárfestingar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu forsendum fjárhagsáætlunar:

Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024

1. Útsvar:

Útsvar fyrir árið 2024 verði 14,74%.

2. Verðlag:

Gert er ráð fyrir 6,3% verðbólgu skv. þjóðhagsspá.

3. Aðrar forsendur:

Gert er ráð fyrir að íbúafjöldi aukist um 5%.

4. Fasteignagjöld:

i) Fasteignaskattur:

A-liður Fasteignaskattur íbúðarhúsnaðis eins og það er skilgreint í a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 0,45% af heildarfasteignamati.

B-liður Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í b-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,32% af heildarfasteignamati.

C-liður Fasteignaskattur atvinnuhúsnaðis og annarra eigna eins og þær eru skilgreindar í c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,50% af heildarfasteignamati.

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

Handwritten signatures and initials:
SS
Gsm
2351

ii) Vatnsgjald:
Vatnsgjald verður 0,3% af heildarfasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitu sveitarfélagsins. Hámarksálagning verður 66.341 á sumarhús og íbúðarhús. Lágmarksálagning verður 19.915,-.

iii) Gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð:

Fráveitugjald verði 0,27% af heildarfasteignamati eigna sem tengjast fráveitukerfum sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 – 6000 lítra kr. 14.487.

Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 3.218 pr./m³

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi:

Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 40.540 og kr 550 á hvern ekinn kílómeter.

Aukahreinsun á rotþró sem sérferð kr. 96.850 og kr. 550 á hvern ekinn kílómeter.

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

iv) Lóðarleiga:
Lóðarleiga verði 1% af fasteignamati lóða.

v) Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2024:

Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði

Tegundir úrgangs og ílát:

Blandaður heimilisúrgangur (grátunna) 240 l ílát	34.133 kr.
Lífrænn heimilisúrgangur (brúntunna) 240 l ílát	8.774 kr.
Pappi og pappír 240 l ílát (blátunna)	5.243 kr.
Plast 240 l ílát (græntunna)	5.243 kr.

Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur söfnunarstöðva og meðhöndlun úrgangs

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva):

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði 28.355 kr.

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli 18.928 kr.

Atvinnuhúsnæði (fyrirtæki) 41.088 kr.

Handwritten signatures and notes:
bmo
SS
Gsm
SAH
H.K
2352

Klippikort verða afhent greiðendum sorpeyðingargjalda.
Móttökugjald á einn m³: 6.700 kr.

Gjald dagar fasteignagjalda verði 8 talsins, innheimt mánaðarlega frá 1. febrúar 2024.
Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga.

5. Gjaldskrár – aðrar:

Aðrar gjaldskrár hækka almennt um 7% og er vísað í texta þeirra á heimasíðu.

Texti gjaldskráa eins og hann er birtur í B-deild Stjórnartíðinda gengur framár þessum texta ef misræmi reynist vera.

Lögð var fram eftirfarandi greinargerð með fjárhagsáætlun:

Greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og þriggja ára áætlun 2025-2027

Fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar fyrir árið 2024 er lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn 6. desember 2023.

Grunnur fjárhagsáætlunar 2024-2027 byggir á áætlun 2023 með viðaukum.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á mill texta í greinargerð og tölulega hlutans.

I Fjárhagsáætlun 2024

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024, eins og hún er lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn, er áætlað að rekstrarafgangur verði 192,1 millj.kr. eftir fjármagnsgjöld, afskriftir og skatta.

Umtalsverð íbúafjölgun á árinu 2022 og það sem af er ári 2023 hefur skilað sveitarfélaginu auknum útsvarstekjum. Tekjur yfirstandandi árs verða því umfram áætlun. Í fjárhagsáætluninni er fylgt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði fyrir árið 2024 og horft til áætlunar Sambands íslenskra sveitarfélaga um þróun útsvarstekna. Útsvarshlutfall er 14,74% sem er lögboðið hámark.

Rekstrarútgjöld hækka milli ára, bæði vegna aukinnar verðbólgu, sem kemur fram sem hækkun á ýmsum liðum sem snúa að vöru- og þjónustukaupum, en einnig er gert ráð fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsgjöld og skatta er áætlaður 349,1 millj.kr. og veltufé frá rekstri verði 377 millj.kr. eða 13,9% af heildartekjum. Óverulegar breytingar eru á rekstri einstaka eininga og stofnana, útgjöld aukast þó, m.a. vegna kjarasamningshækkana og verðlagshækkana, líkt og að framan er getið. Áætlað er að útgjöld til fræðslumála, sem eru sá málaflokkur sveitarfélagsins sem tekur til sín mest fjármagn verði 1.076,6 millj.kr eða 39,7% af heildartekjum og æskulýðs- og íþróttamál taki til sín 173,1 millj.kr eða 6,4% af heildartekjum. Útgjöld til félagsþjónustu aukast nokkuð og tekjur málaflokkurinn nú til sín um 137,8 mkr. eða 6,3% af skatttekjum. Heinlætismál taka til sín

SS
GSM
2353

mögulegur söluhagnaður. Seljist húsið á árinu verður gerður viðauki við fjárhagsáætlun til að mæta því.

Líkt og síðustu ár er gert ráð fyrir miklum fjárfestingum hjá Bláskógabyggð á næsta ári. Gæta þarf aðhalds á því sviði eins og öðrum og hefur því verið leitast við að forgangsraða. Sveitarfélög hafa aðgang að lánum hjá Lánasjóði sveitarfélaga, sem eru á betri kjörum en bjóðast annarsstaðar, en fjármagn er samt sem áður dýrt og á tímum aukinnar verðbólgu eykst fjármagnskostnaður verulega. Áfram þarf að gera ráð fyrir lántökum fyrir hluta framkvæmdakostnaðar. Gert er ráð fyrir að greidd verði niður lán að fjárhæð 174,8 millj.kr. en tekin ný lán að fjárhæð 221,5 millj.kr., er þar meðtalin hlutdeild Bláskógabyggðar í lántökum byggðasamlaga. Langtímaskuldir við lánastofnanir eru áætlaðar 1.858 millj.kr. í lok árs 2024, sem er 114 millj.kr. aukninga á milli ára. Áætlað er að skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum verði áfram langt undir lögboðnu hámarki, sem er 150%, en skv. áætluninni mun það vera um 68% í lok ársins 2024.

Fasteignamat byggist á söluverði fasteigna skv. kaupsamningum. Meðaltalshækkun fasteignamats er 14,7%. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkar um 21,2% að meðaltali. Fasteignamat frístundahúsa hækkar um 14,7%, atvinnuhúsnæðis um 5,9% og jarða um 14,4%. Þetta eru meðaltalstölur, en sýna ekki breytingar á fasteignamati einstaka eigna. Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði var lækkað úr 0,5% í 0,48% á árinu 2023, og til að koma til móts við frekari hækkunir fasteignamats lækkar það nú og verður 0,45%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts atvinnuhúsnæðis er óbreytt á milli ára, 1,50% og er það nokkuð undir leyfilegu hámarki. Álagningarhlutfall vatnsgjalds verður einnig óbreytt, 0,3%, en hámarksgjald vatnsgjalds verður 66.341 kr á sumarhús og íbúðarhús og lágmarksgjald verður 19.915 kr. Álagningarhlutfall fráveitugjalds verður óbreytt á milli ára, 0,27%. Gjald fyrir hreinsun rotþróa hækkar um 7%, og verður 14.901 kr. pr. rotþró. Kostnaður við málaflokkinn hefur hækkað verulega á síðustu árum, en tekjur sveitarfélagsins af fráveitugjaldi og rotþróargjöldum nægja ekki til að standa undir þeim kostnaði sem þær eiga að gera. Gjald dagar fasteignagjalda verða átta.

II Nokkrar lykiltölur

Rekstur :

Fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar án afskrifta og fjármagnsliða sé jákvæð um 349,1 millj.kr. Afskriftir eru áætlaðar 140 millj.kr., fjármagnskostnaður nettó er áætlaður 157 millj.kr. Heildarniðurstaða samstæðunnar er því jákvæð um 192,1 millj.kr.

SH JFS
AG SH
GSM
+1K
2354

Áætlunin gerir ráð fyrir að samanlagðar tekjur A og B hluta verði 2.714,9 millj.kr. á árinu 2024. Hluttur skatttekna (útsvar, fasteignagjöld og Jöfnunarsjóður) í samanlögðum tekjum í A hluta er 1.914,8 millj.kr. eða 70,5%. Áætlað er að tekjur aukist um 12,9% milli áranna 2023 og 2024.

Heildarlaunakostnaður er áætlaður 1.164,8 millj.kr. sem er 42,9% af heildartekjum og 60% af skatttekjum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður um 1.058 millj.kr.

Fjárfestingar :

Nettófjárfestingar ársins eru áætlaðar 558,4 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 171,3 millj.kr. og nýjar lántökur eru áætlaðar 221,5 millj.kr. Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu helstu framkvæmda (nettó) á málaflokka:

Eignasjóður	314,2 millj.kr.
Fráveita	60 millj.kr.
Bláskógaveita	162,7 millj.kr.
Vatnsveita	20,5 millj.kr.
Fjarskiptafélag (ljósleiðari)	1 millj.kr.
Samtals fjárfesting nettó	558,4 millj.kr.

Á móti framkvæmdum í umferðar- og samgöngumálum koma gatnagerðargjöld og tengigjöld veitna sem dragast frá í fjárfestingaráætlun.

III 3ja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2025 - 2027

Þriggja ára áætlun er ekki staðfest fjárhagsáætlun fyrir árin 2025-2027 heldur yfirlit yfir það sem er á dagskrá þessi ár. Við fjárhagsáætlanagerð hvers árs fer fram nánari útfærsla á þriggja ára áætlun miðað við þær forsendur sem þá liggja fyrir og því geta fjárhæðir og framkvæmdahraði vegna einstakra verkefna breyst frá því sem fram kemur í þriggja ára áætlun hverju sinni.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á mill texta í greinargerð og tölulega hlutans.

Stefnumörkun

Til grundvallar þeirri þriggja ára áætlun sem hér er lögð fram liggur fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 en jafnframt er byggt á þriggja ára áætlun 2024-2026. Ekki er gert ráð fyrir breytingum rekstri málaflokka.

Handwritten notes and signatures in blue ink:

- Top right: *MS*
- Middle right: *SAH*
- Bottom right: *41K*
- Bottom center: *Gsm*
- Bottom right: *2355*
- Other scribbles: *SS*, *LS*, *88*

Fjárfestingar eru áætlaðar fyrir 1.093 millj.kr. samtals á tímabilinu 2025-2027 og eru fjölbreytt verkefni sem falla þar undir. Áhersla er áfram lögð á að byggja upp innviði samfélagsins og að grunnkerfi þau sem sveitarfélagið rekur, s.s. gatnakerfi og veitur geti annað því álagi sem á þeim er. Þá er gert ráð fyrir að sundlaugarsvæði í Reykholti verði endurnýjað á árinu 2025 og er það stærsta einstaka verkefnið í þriggja ára áætlun.

Helstu forsendur áætlunar 2025 – 2027

Til að unnt sé að setja fram áætlunina hafa ákveðnar forsendur verið lagðar til grundvallar Þriggja ára áætlun er byggð á áætlun ársins 2024 og er gerð á föstu verðlagi.

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri allra málaflokka næstu 3 árin.

Skatttekjur

Áætlun á skatttekjum er byggð á áætlun ársins 2024 og áætlaðri íbúafjölgun.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Áætlun á framlögum Jöfnunarsjóðs er byggð á áætlun ársins 2024.

Fasteignaskattur

Gert er ráð fyrir óbreyttum tekjum af fasteignaskatti frá árinu 2024 árin 2025– 2027.

Þjónustutekjur

Ekki er gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrár vegna þjónustu sveitarfélagsins í áætluninni.

Laun

Áætlun launa og launatengdra gjalda er byggð á launaáætlun ársins 2024.

Rekstrarkostnaður

Áætlun rekstrarkostnaðar er byggð á áætlun ársins 2024.

Helstu niðurstöður áætlunar 2024 - 2027

Helstu kennitölur áætlunarinnar fyrir samstæðureikning (í þús. króna):

Samstæða (A- og B-hluti)	2024	2025	2026	2027
Rekstrarreikningur				
Tekjur	2.714.921	2.755.968	2.930.749	3.110.551
Gjöld	2.225.665	2.284.487	2.390.874	2.498.329
Niðurstaða án fjármagnsliða	349.166	317.562	371.890	438.496
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(157.059)	(131.380)	(116.290)	(98.619)
Rekstrarniðurstaða	192.107	186.182	255.600	339.877
Efnahagsreikningur	2024	2025	2026	2027

Eignir

Fastafjármunir	3.520.001	3.894.083	4.000.098	4.114.371
Veltufjármunir	472.002	539.706	499.306	510.534

AMJ
SG
SA
+1.K
Gsm 2356

Eignir samtals	4.208.156	4.644.365	4.704.403	4.828.963
----------------	-----------	-----------	-----------	-----------

31. desember	2024	2025	2026	2027
--------------	------	------	------	------

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	1.794.133	1.980.315	2.235.915	2.575.792
Langtímaskuldir	1.858.488	2.055.917	1.850.895	1.632.052

	528.565	580.823	589.930	593.097
--	---------	---------	---------	---------

Skammtímaskuldir

Skuldir og skuldbindingar samtals	2.414.050	2.664.050	2.468.488	2.253.171
-----------------------------------	-----------	-----------	-----------	-----------

Eigið fé og skuldir samtals

	4.208.156	4.644.365	4.704.403	4.828.963
--	-----------	-----------	-----------	-----------

Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingu í þúsundum króna, sem hér segir:

	2024	2025	2026	2027
Eignasjóður	314.255	418.000	63.000	193.000
Fráveita	60.000	24.000	51.000	22.000
Bláskógaveita	162.700	25.000	93.000	63.000
Vatnsveita	20.500	63.000	66.000	11.000
Bláskógaljós	1.000	1.000	1.000	0
Samtals fjárfesting nettó	558.455	531.000	274.000	288.000

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru reiknaðir miðað við þau vaxtakjör sem sveitarfélagið býr við.

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir fjárfestingum fyrir 531 millj.kr. árið 2025, 277 millj.kr. árið 2026 og 288 millj.kr. árið 2027. M.a. er gert ráð fyrir að á árunum 2026 og 2027 verði hafnar framkvæmdi við að stækka og bæta aðstöðu grunnskólanna og að byggt verði áhaldahús fyrir Bláskógaveitu á árinu 2026 og að áfram verði haldið árlega við endurnýjun fráveitu á Laugarvatni.

Lántökur

Ný langtímalán á árunum 2025-2027 eru áætluð 380 millj.kr. og niðurgreiðslur eldri lána eru áætlaðar á sama tímabili 741,2 millj.kr.

IV Lokaorð

Í fjárfestingarhluta þriggja ára ætlunar er leitast við að forgangsraða verkefnum, áfangsaskiptum og dreifa þeim með það að markmiði að halda skuldsetningu sveitarfélagsins sem minnstri og þar með að lágmarka fjármagnskostnað. Sá hluti áætlunarinnar sem snýr að rekstri byggir á því að ekki verði miklar breytingar á rekstri málaflokka milli ára. Nánari útfærsla áætlunar fyrir hvert ár fyrir sig er unnin í fjárhagsáætlun hverju sinni. Forsendur á borð við verðlagsþróun íbúafjölgun, þróun tekna og útgjalda geta því haft áhrif á áætlun hvers árs fyrir sig.

Útlit er fyrir að útsvarstekjur sveitarfélagsins haldi áfram að vaxa samhliða talsverðri fjölgun íbúa og öflugu atvinnulífi. Reynslan sýnir að tekjustofnar Bláskógabyggðar eru viðkvæmir

AS

Gsm

SH SS
H.K

2357

fyrir sveiflum í ferðaþjónustu og ýmis atriði, önnur en Covid, geta haft áhrif á þróun mála. Má þar nefna verðlag og náttúruhamfarir. Verði tillögur um breytingar á lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að veruleika, sem lagðar hafa verið fram sem frumvarp á Alþingi, mun það hafa verulega neikvæð áhrif á fjárhag Bláskógabyggðar. Áætlað er að breytingarnar verði innleiddar á þremur árum og verður að telja það nokkuð bratt. Bláskógabyggð getur orðið af um 200 millj.kr. framlagi á ári, nái breytingarnar fram að ganga.

Íbúum í Bláskógabyggð hefur fjölgað um 128 manns á yfirstandandi ári, eða nálægt 10%. Íbúafjölgun árið 2022 nam 10%. Er það umtalsvert meiri fjölgun, hlutfallslega, en í öðrum sveitarfélögum í Árnessýslu. Enn er talsvert af íbúðarhúsnæði í byggingu. Raunhæft er því að ætla að íbúum muni halda áfram að fjölga. Áhugi á lóðum og uppbyggingu í sveitarfélaginu ber vitni um bjartsýni og trú manna á að svæðið í heild haldi áfram að verða gott til búsetu og atvinnu. Sveitarfélagið leitast við að halda áfram háu þjónustustigi og byggja upp nauðsynlega innviði og viðhalda eignum. Þá leitast sveitarfélagið við að haga skipulagsmálum þannig að unnt sé að bregðast við hugmyndum um uppbyggingu atvinnutækifæra með skjótum hætti.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 hefur verið unnin í góðri samvinnu sveitarstjórnarfulltrúa og stjórnenda. Ber að þakka það góða starf sem hér hefur verið unnið.

Lagt var fram mat óháðs endurskoðanda skv. 66. gr. sveitarstjórnarlaga á getu sveitarfélagsins til fjárfestingar vegna fjárfestingaverkefnis sem fer umfram 20% af skatttekjum sveitarfélagsins á einu ári, þ.e. endurnýjun útisvæðis sundlaugar í Reykholti, sem áætlað er að gert verði á árunum 2024 (undirbúningur) og 2025 (framkvæmdir). Niðurstaða matsins er sú að fjárhagsleg staða sveitarfélagsins sé þannig að sveitarfélagið ráði við þá fjárfestingu sem endurnýjun útisvæðis sundlaugar í Reykholti er.

Oddviti bar tillögu að fjárhagsáætlun undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

43. Lántökur 2023

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 150.000.000,- , með lokagjaldþaga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir við fráveitu og fasteignum sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

AS SB SH H.K. Gsm 2358

Jafnframt er Ástu Stefánsdóttur, kt. 251070-3189, sveitarstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Bláskógabyggðar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

44. Þingsályktunartillaga um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra 402. mál - 2311032

Beiðni Velferðarnefndar Alþingis, dags. 28.11.2023, þar sem óskað er umsagnar um 402. mál Gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra.

Umsagnarfrestur er til 11. desember nk.

Bláskógabyggð hefur boðið upp á gjaldfrjálsar máltíðir í leik- og grunnskólum frá árinu 2019, en sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggst gegn því að sveitarfélög verði skylduð til að bjóða gjaldfrjálsar skólamáltíðir, nema tekjustofnar þeirra verði endurskoðaðir samhlíða, enda er ljóst að kostnaður við gjaldfrjálsar skólamáltíðir er verulegur.

45. Þingsályktunartillaga um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038, ásamt fimm ára aðgerðaráætlun. - 2311034

Erindi Velferðarnefndar Alþingis, dags. 27.11.2023, þar sem óskað er umsagnar um 509. mál húsnæðisstefna fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaaætlun fyrir árin 2024-2028.

Umsagnarfrestur er til 11. desember nk.

Lagt fram til kynningar.

46. Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn) 73. mál. - 2311026

Erindi Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 27.11.2023, þar sem óskað er umsagnar um 73. mál Sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).

Umsagnarfrestur er til 11. desember nk.

Lagt fram til kynningar.

47. Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80 2002, og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40 1991 497. mál - 2311035

Erindi Velferðarnefndar Alþingis, dags. 24.11.2023, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 (reglugerðarheimildir). 497. mál

Umsagnarfrestur er til 8. desember nk.

Lagt fram til kynningar.

48. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 2303025

Erindi Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 16.11.2023, þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál.

Umsagnarfrestur er til 7. desember nk.

Sveitarstjóra er falið að skila inn umsögn um frumvarpið.

Handwritten signatures and initials:
AS
Gsm
SH SIS
T.K
2359
AWJ

49. Frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál. - 2312001

Erindi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 17.11.2023, þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál.

Umsagnarfrestur var til 1. desember sl.

Lagt fram til kynningar.

50. Undanþága frá skipulagsreglugerð vegna Eyjaás 16, Eyvindartungu - 2311014

Beiðni Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 03.11.2023, um umsögn um beiðni um undanþágu frá skipulagsreglugerð vegna Eyjaás 16, Eyvindartungu. Áður frestað á 346. fundi sveitarstjórnar.

Jón F. Snæbjörnsson vék af fundi. Sveitarstjórn leggst gegn því að veitt verði undanþága frá ákvæði skipulagsreglugerðar vegna Eyjaáss 16, Eyvindartungu, hvað varðar fjarlægð frá ám og vötnum.

51. Rekstrarleyfisumsókn Engjagil 4 L204526 - 2306010

Krafa Lögfræðistofu Reykjavíkur, dags. 13.10.2023, um að veitt verði jákvæð umsögn um umsókn Rial verks ehf um leyfi til reksturs gististaða í flokki II-H Frístundahús að Engjagili 4, fastanr. 230 6089.

Sveitarstjórn ítrekar fyrri afstöðu sína, þar sem lagst er gegn því að veita jákvæða umsögn um rekstur gististaðar að Engjagili 4. Slik starfsemi samræmist ekki ákvæðum aðalskipulags sveitarfélagsins.

52. Rekstrarleyfisumsókn Gunnarsbraut 10, L180022 - 2312005

Erindi Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 01.11.2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn SKI Capital ehf um rekstrarleyfi í fl. II (H) frístundahús, að Gunnarsbraut 10 F223 8624. Umsögn byggingarfulltrúa liggur fyrir.

Sveitarstjórn leggst gegn útgáfu leyfisins, enda samræmist það ekki ákvæðum aðalskipulags.

53. Rekstrarleyfisumsókn Fellskot 212 996 - 2312007

Erindi Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 11.10.2023, það sem óskað er umsagnar um umsókn Dalalífs ehf um rekstrarleyfi í fl II (C) minna gistiheimili að Fellskoti II F 220 4563. Umsögn byggingarfulltrúa lá fyrir á 193. fundi sem haldinn var 18.10.2023.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn um erindið, enda samræmist starfsemin ákvæðum aðalskipulags.

54. Rekstrarleyfisumsókn Miðholt 35A 203 062 - 2312006

Erindi Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 05.10.2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Lagnahornsins ehf um rekstrarleyfi í fl II (G) íbúðir að Miðholti 35A, Reykholti (F234 062). Umsögn byggingarfulltrúa lá fyrir í fundargerð 193. fundar, sem haldinn var 18.10.2023.

Sveitarstjórn leggst gegn útgáfu leyfisins, enda samræmist það ekki ákvæðum aðalskipulags.

55. Skattlagning á vindorkuver - 2311024

Erindi Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 24.11.2023 þar sem kynnt er minnisblað um skattlagningu á vindorkuver í Noregi.

Minnisblaðið var lagt fram.

Handwritten notes and signatures in blue ink at the bottom right of the page. The notes include "SFS", "H.K.", "Gsm", and "2360". There are also several illegible signatures.

Fundi slitið kl. 11:52.

Helgi Kjartansson

Helgi Kjartansson

Stefanía H

Stefanía Hákonardóttir

Sveinn I. Sveinbjörnsson

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsd.

Guðrún S. Magnúsdóttir

Guðni Sighvatsson

Guðni Sighvatsson

Anna Gréta Ólafsdóttir

Anna Gréta Ólafsdóttir

Jón F. Snæbjörnsson

Jón Forni Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir

Ásta Stefánsdóttir